

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Birkigrund 1b, Birkihlíð.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 7. ágúst 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 er staðfest var 29. apríl 1994 og tekur til Birkigrundar 1b, Birkihlíð.

Í breytingunni felst að opnu svæði til sérstakra nota (gróðrarstöð) er breytt í íbúðar-svæði.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis, Völundarlóð, Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 7. ágúst 1996, staðfest breytingu á deiliskipulagi frá 14. febrúar 1990 og tekur til lóðanna Klapparstíg 1-7 og Skúlagötu 10.

Breytt er eftirtöldum atriðum:

1. Byggingarreitur nr. 7A við Klapparstíg felldur niður vegna ákvörðunar um varðveislu gamallar spennustöðvar. Byggingarmagn er flutt á Klapparstíg 1 og íbúðarhæðum fjölgað.

2. Byggingarreitur nr. 7 við Klapparstíg fluttur til suðurs til að rýmka um inngarð og aðkomu að Klapparstíg 1, 1A og Skúlagötu 10.

3. Fjölgun íbúðahæða. Í staðfestu deiliskipulagi voru inndregnar íbúðahæðir ekki taldar með sem hæð. Þær eru taldar með í breyttu deiliskipulagi.

4. Nýtingarhlutfall lóðar verður 2.5. Nýtingarhlutfall miðað við gömlu Völundarlóð er 1.7. Leikvöllur er tekinn af lóðinni til almenningsnota.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfísráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.